



Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum

Dreifing: Almenn
31. maí 2023

Frummál: Enska

Nefnd um afnám mismununar gagnvart konum

Lokaathugasemdir við níundu reglubundnu skýrslu Íslands*

1. Nefndin fjallaði um níundu reglubundnu skýrslu Íslands (CEDAW/C/ISL/9) á 1989. og 1990. fundi sínum (sjá CEDAW/C/SR.1989 og CEDAW/C/SR.1990), sem haldnir voru 22. maí 2023. Lista nefndarinnar yfir álitæfni og spurningar vinnuhóps vegna undirbúnings fyrir formlega fundi nefndarinnar er að finna í CEDAW/C/ISL/Q/9, og svör Íslands í CEDAW/C/ISL/RQ/9.

A. Inngangur

2. Nefndin lýsir ánægju með að aðildarríkið hafi lagt fram níundu reglubundnu skýrslu sína. Hún lýsir einnig ánægju með eftirfylgniskýrsluna sem aðildarríkið vann í framhaldi af fyrri lokaathugasemdum nefndarinnar (CEDAW/C/ISL/CO/7-8/Add.1). Hún fagnar munnlegri skýrslu sendinefndarinnar og frekari skýringum sem veittar voru í svörum við munnlegum spurningum nefndarinnar við skoðanaskiptin.

3. Nefndin lofar aðildarríkið fyrir sendinefndina sem Bryndís Hlöðversdóttir ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu leiddi og skipuð var fulltrúum þvert á ráðuneyti, m.a. frá skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála, félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu og fastanefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í Genf.

B. Jákvæðir þættir

4. Nefndin lýsir ánægju sinni með að aðildarríkið hafi verið efst á lista Alþjóða-efnahagsráðsins yfir jafnrétti kynjanna árið 2022. Hún fagnar þeim árangri sem hefur náðst með lagabreytingum frá árinu 2016 þegar fjallað var um sameinaða sjöundu og áttundu reglubundnu skýrslu aðildarríkisins (CEDAW/C/ISL/7-8), einkum með samþykkt:

a) Breytinga á hjúskaparlögum (nr. 31/1993) þar sem undanþágan frá 18 ára aldursskilyrði laganna til þess að mega stofna til hjúskapar er afnumin og skilnaðarferlið fyrir þolendur heimilisofbeldis einfaldað með því að heimila þeim að krefjast lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng,

b) laga nr. 79/2021 um breytingar á 227. gr. a. almennra hegningarlaga (nr. 19/1940), þar sem fleiri afbrigði mansals eru gerð refsiverð, m.a. nauðungar-

* Samþykktar á 85. fundi nefndarinnar (8.–26. maí 2023).



hjónaband og nauðungarvinna, og sálrænt og fjárhagslegt ofbeldi eru nú meðal ofbeldisfullra verknaðaraðferða við mansal,

c) laga um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 144/2020) sem lengja fæðingarorlof í 12 mánuði,

d) laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) sem banna beina og óbeina mismunun, sem og fjölþætta mismunun, og gera opinberum aðilum að safna og greina kyngreind tölfraðigögn,

e) laga um stjórnarsýslu jafnréttismála (nr. 151/2020) sem skýra og útvíkka eftirlitshlutverk og verkefni Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála,

f) breytinga á almennum hegningarlögum (nr. 19/1940) sem gera stafrænt kynferðisofbeldi refsivert samkvæmt 199. gr. a., auka vernd fyrir þolendur sálræns ofbeldis, viðurkenna að heimilisofbeldi sé kerfislægt vandamál en ekki einkamál fjölskyldna skv. 218. gr. b. og auka vernd fyrir þolendur umsáturseineltis skv. 232. gr. a.,

g) laga um þungunarrof (nr. 43/2019) sem veita konum fullan sjálfs-ákvörðunarrétt að því er varðar þungunarrof fram að lokum 22. viku þungunar,

h) reglugerðar nr. 1030 frá 13. nóvember 2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana sem mælir fyrir um að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn öðlist vottun á jafnlaunakerfi sínu og innleiðingu þess.

5. Nefndin fagnar viðleitni aðildarríkisins til þess að bæta stofnana- og stefnumgjörð þess með það að markmiði að útrýmingu mismununar gegn konum verði hraðað og stuðlað verði að kynjajafnrétti, s.s. með því að samþykkja eða koma á eftirfarandi:

a) Þingsályktunum um framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum 2016–2019 og 2020–2023,

b) skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála árið 2019 sem annast samræmingu innan stjórnkerfisins og leiðir stefnumótun á sviði kynjajafnréttis,

c) aðgerðaáætlun gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019–2022,

d) þingsályktun árið 2020 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025,

e) fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019–2023 árið 2018 með það að markmiði að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við gerð fjárlaga og fjárlagafrumvarps.

6. Nefndin fagnar því að á þeim tíma sem liðinn er frá umfjöllun um síðustu skýrslu hefur aðildarríkið fullgilt eða gerst aðili að eftirfarandi alþjóðlegum og svæðisbundnum gervingum:

a) Valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu árið 2019,

b) samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi árið 2018,

c) samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016.

C. Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun

7. Nefndin fagnar alþjóðlegum stuðningi við heimsmarkmið um sjálfbæra þróun og kallar eftir jafnrétti kynjanna að lögum (de jure) og efnislega (de facto) í samræmi við ákvæði samningsins, í gegnum allt ferlið við innleiðingu áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Nefndin minnir á mikilvægi heimsmarkmiðs 5 og samþættingar meginreglnanna um jafnræði og bann við mismunun við öll 17 heimsmarkmiðin. Hún hvetur aðildarríkið til þess að viðurkenna konur sem drifkrafta sjálfbærrar þróunar í aðildarríkinu og að samþykkja viðeigandi stefnur og áætlanir þar að lútandi.

D. Alþingi

8. Nefndin leggur áherslu á þýðingarmikið hlutverk löggjafarvaldsins við að tryggja fulla framkvæmd samningsins (sjá 2. hluta A/65/38, VI. viðauka). Hún býður Alþingi, í samræmi við umboð sitt, að gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi framkvæmd núverandi lokaathugasemda héðan í frá og þar til næsta reglubundna skýrsla verður lögð fram samkvæmt samningnum.

E. Megináhyggjuefni og tilmæli

Sýnileiki samningsins, valfrjálsu bókunarinnar við hann og almennra tilmæla nefndarinnar

9. Nefndin fagnar því að sett hafi verið upp sérstakt vefsvæði fyrir mannréttindi á vef Stjórnarráðsins þar sem er m.a. að finna íslenska þýðingu á samningnum, auk upplýsinga um kæruleiðir einstaklinga til nefndarinnar og fyrri lokaathugasemdir nefndarinnar á ensku. Nefndin veitir því einnig athygli að samningurinn er hluti af almennu námsefni í þjóðarétti í lögfræði, lögreglufræði og endurmenntun lögregluþjóna. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum af því að þjálfun og fræðsla á vegum dómstólasýslunnar fyrir dómara og annað starfsfólk dómstóla felur ekki í sér fræðslu um samninginn, valfrjálsa bókun við hann eða almenn tilmæli nefndarinnar, auk þess sem takmörkuð þekking er á samningnum meðal starfsmanna ríkisins.

10. Nefndin mælir með því að aðildarríkið hafi samninginn og valfrjálsa bókun við hann og almenn tilmæli nefndarinnar meðal námsefnis á vegum dómstólasýslunnar og einnig í færninámскеiðum fyrir lögfræðinga, dómara, ríkisstarfsmenn, lögreglu og aðra löggæsluaðila.

11. Nefndin veitir eftirtekt upplýsingum um netnámskeið um kvenréttindi og samninginn í aðildarríkinu sem ætlað er framhaldsskólanemendum. Hins vegar lýsir hún áhyggjum af þekkingarskortum á samningnum, valfrjálsu bókuninni við hann og almennum tilmælum nefndarinnar meðal kvenna, einkum aðfluttra kvenna og kvenna með fötlun, sem hamlar því að þær geti sótt rétt sinn. Hún lýsir einnig áhyggjum af óvenjulega fáum erindum frá samtökum kvenna og aðilum sem standa vörð um mannréttindi kvenna í tengslum við umfjöllun um skýrslu aðildarríkisins, sem kann að vera vegna þekkingarskortis á samningnum.

12. Nefndin mælir með því að aðildarríkið setji aukinn kraft í viðleitni sína til þess að auka vitund meðal kvenna um réttindi sín samkvæmt samningnum og þau úrræði sem eru í boði til þess að sækja þessi réttindi, m.a. kæruleiðir einstaklinga og eftirgrennslan í samningsríki samkvæmt valfrjálsu bókuninni við samninginn, sem og meðal samtaka kvenna og aðila sem standa vörð um mannréttindi kvenna.

Lagarammi og lagaleg staða samningsins

13. Nefndin fagnar samþykkt laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) sem banna beina og óbeina mismunun, sem og fjölþætta mismunun (16. gr.). Nefndin veitir athygli þeim upplýsingum sem aðildarríkið hefur veitt um að það hyggist ekki lögfesta samninginn og telji að kynhlutlaus löggjöf og stefna standi ekki í vegi fyrir því að það uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Nefndin lýsir einnig áhyggjum þar sem:

a) Vanræksla aðildarríkisins á að lögfesta samninginn kann að hafa skaðleg áhrif hvað það varðar að konur og stúlkur fái notið til fulls réttinda sinna samkvæmt samningnum,

b) notkun á kynhlutlausu orðalagi í löggjöf aðildarríkisins, stefnum og áætlunum torveldar mat á áhrifum löggjafar á konur, einkum konur sem eru hluti af hópum sem standa höllum fæti eða jaðarsettum hópum og getur leitt til þess að konur njóti ófullnægjandi verndar gegn beinni og óbeinni mismunun og hindri að efnislegu jafnrétti kvenna og karla verði náð, eins og útskýrt er í almennum tilmælum nefndarinnar nr. 28 (2010) um kjarnaskyldur aðildarríkja skv. 2. gr. samningsins,

c) ekki hefur farið fram ítarlegt og kerfisbundið mat á áhrifum kynhlutlausrar löggjafar og stefnumiða á konur, þ. á m. varðandi aðgengi að öruggum rýmum fyrir konur, sem og gagnasöfnun, og engin þróun og innleiðing á tímabundnum sértækum aðgerðum sem miða að því að hraða því að efnislegu jafnrétti kynjanna verði náð.

14. Nefndin mælir með því að aðildarríkið:

a) **Endurskoði ákvörðun sína um að lögfesta ekki samninginn, með það í huga að konur fái notið til fulls réttinda sinna samkvæmt samningnum,**

b) **leggi kerfisbundið mat á áhrif kynhlutlausrar löggjafar og stefna á konur, m.a. varðandi aðgengi að öruggum rýmum fyrir konur og gagnasöfnun, og þrói og innleiði tímabundnar sértækar aðgerðir sem miðast að því að hraða því að efnislegu jafnrétti kynjanna verði náð og taki með fullnægjandi hætti á stöðu kvenna, einkum þeirra sem verða fyrir fjölþættri mismunun,**

c) **beiti nálgun sem byggist á kynjasjónarmiðum í stað kynhlutleysis í löggjöf sinni og stefnum, í samræmi við almenn tilmæli nefndarinnar nr. 28.**

Innlent kerfi fyrir framgang kvenna

15. Nefndin fagnar því að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé eitt af markmiðum þingsályktunar um framkvæmdáætlun í kynjajafnréttismálum 2020–2023 og að hvert ráðuneyti beri ábyrgð á kynjasamþættingu í stefnum sínum og ákvarðanatökufærlum, m.a. með því að tilnefna jafnréttisfulltrúa. Hún lofar jafnframt viðleitni aðildarríkisins til þess að taka upp kynjaða fjárlagagerð í samræmi við fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019–2023. Nefndin veitir einnig athygli að Jafnréttisstofa er tilnefnd sem innlend jafnréttisstofnun í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um jafna meðferð allra einstaklinga án mismununar á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernisuppruna, sem og stofnun kærunefndar jafnréttismála sem hefur það hlutverk að taka til meðferðar ætluð brot á lögum nr. 150/2020 og er úrræði til lausnar deilumála utan dómstóla. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Greint hefur verið frá skorti á fullnægjandi mannauði, tæknigetu og fjármagni til að ráða jafnréttisfulltrúa í fullt starf í ráðuneytum, sem hamlar vinnu við kynjasamþættingu í ráðuneytum og framkvæmd laga nr. 150/2020,

b) skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála hefur ekki stöðu fagráðuneytis og greint hefur verið frá því að Jafnréttisstofa og kærunefnd jafnréttismála séu

undirmannaðar, sem veikir umboð þeirra til að tryggja skilvirka framkvæmd stefna um kynjasambættingu og sinna verkefnum sínum í samræmi við lög nr. 150/2020 og lög um stjórnslu jafnréttismála (nr. 151/2020),

c) lítill fjöldi kæra vegna mismununar er borinn upp við kærunefnd jafnréttismála af konum (29 kærur frá 2015 til 2020), sem að hluta til kann að vera vegna skorts á þekkingu meðal kvenna á hlutverki og umboði nefndarinnar.

16. Nefndin mælir með því, með vísan til almennra tilmæla sinna nr. 6 (1988) um skilvirkt innlent kerfi og kynningu, auk leiðbeininganna í Peking-yfirlýsingunni og -áætluninni, einkum varðandi nauðsynleg skilyrði svo innlent kerfi fyrir framgang kvenna gangi fyrir sig með skilvirkum hætti, að aðildarríkið ihugi að breyta stöðu og færa skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála ofar í stigskiptingu stjórnkerfisins svo hún hafi stöðu fagráðuneytis sem ber ábyrgð á málefnum kvenna, ásamt fullnægjandi mannauði, tæknigetu og fjármagni til þess að samræma allar opinberar stefnur og áætlanir um kynjajafnrétti og framgang kvenna í aðildarríkinu, þ.m.t. kynjaða hagstjórn og að einingar sem fara með jafnréttismál séu starfandi á sveitarstjórnarstigi, í samræmi við lög nr. 150/2020, lög nr. 151/2020 og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2020–2023. Nefndin mælir einnig með því að aðildarríkið standi fyrir vitundarvakningarherferðum meðal kvenna, einkum aðfluttra kvenna og kvenna með fötlun, um hlutverk og umboð Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála.

Innlend mannréttindastofnun

17. Nefndin veitir athygli þeim upplýsingum sem sendinefndin veitti um lagafrumvarp um stofnun innlendrar mannréttindastofnunar í samræmi við innlenda úttekt á mannréttindum sem forsætisráðuneytið annaðist, sem verður lagt fram á Alþingi fyrir lok ársins 2023.

18. Nefndin ítrekar fyrri tilmæli sín ([CEDAW/C/ISL/CO/7-8](#), 14. mgr.) og mælir með því að aðildarríkið stofni innlenda mannréttindastofnun sem hefur fullnægjandi mannauð, tæknigetu og fjármagn til þess að rækja umboð sitt af skilvirkni, sjálfstætt og í samræmi við meginreglurnar sem varða stöðu innlendra stofnana til eflingar og verndunar mannréttinda (Parísarviðmiðin; ályktun allsherjarþings SP 48/134) og veiti henni sterkt umboð til að efla og vernda mannréttindi kvenna og kynjajafnrétti. Hún mælir einnig með því að þegar innlenda mannréttindastofnunin er tekin til starfa sæki hún um formlega viðurkenningu til alþjóðlegs sambands innlendra mannréttindastofnana, Global Alliance of National Human Rights Institutions.

Tímabundnar sértækar aðgerðir

19. Nefndin fagnar þeirri kröfu sem gerð er með 28. gr. laga nr. 150/2020 að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem og stjórnir opinberra hlutafélaga. Nefndin lýsir samt sem áður áhyggjum af lágu hlutfalli kvenna í stöðum sem fela í sér vald til ákvarðanatöku og í stjórnnum fyrirtækja í einkageiranum í aðildarríkinu þar sem einungis 10 prósent stjórnarformanna og 26 prósent stjórnarmanna í 100 stærstu félögunum eru konur. Hún lýsir einnig áhyggjum af skorti á tímabundnum sértækum aðgerðum af hálfu aðildarríkisins til þess að hraða því að konur nái efnislegu jafnrétti, einkum aðfluttar konur, konur með fötlun, konur í dreifbýli og eldri konur, á öllum þeim sviðum þar sem þær eru í minnihluta eða njóta lakari stöðu, s.s. í stjórnmalalífi og opinberu lífi, menntun og atvinnu.

20. Nefndin mælir með því að aðildarríkið samþykki tímabundnar sértækar aðgerðir í samræmi við 1. mgr. 4. gr. samningsins og almenn tilmæli

nefndarinnar nr. 25 (2004) um tímabundnar sértækar aðgerðir og taki upp hvata á borð við kynjastigagjöf; styrki markmiðaðar ráðningar og setji tímabundin markmið og kvóta á öllum sviðum sem samningurinn tekur til þar sem konur, einkum aðfluttar konur, konur með fötlun og eldri konur, eru í minnihluta eða njóta lakari stöðu, sér í lagi í einkageiranum, í því skyni að fjölga konum í stjórnnum fyrirtækja og í stöðum sem fela í sér vald til ákvarðanatöku.

Kynjaðar staðalímyndir

21. Nefndin veitir athygli þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til að uppræta kynjaðar staðalímyndir og kerfislægan ójöfnuð milli kvenna og karla í samfélaginu, menntageiranum og á vinnumarkaði í aðildarríkinu. Hún lýsir hins vegar áhyggjum af frásögnum um útbreiðslu hatursorðræðu á grundvelli kyns, m.a. í gegnum samfélagsmiðla, einkum kynjamisréttis- og kvenhatursorðræðu gegn konum í stjórnmalalífi og konum sem tilheyra hópum sem standa höllum fæti, s.s. konum með fötlun og aðfluttum konum, flóttakonum og konum sem eru hælisleitendur.

22. Nefndin mælir með því að aðildarríkið geri hatursorðræðu á grundvelli kynjamisréttis, kvenhaturs og aðrar tegundir hatursorðræðu á grundvelli kyns refsiverðar, þ. á m. gagnvart stjórnmalakonum og konum sem standa höllum fæti, s.s. aðfluttum konum, konum með fötlun, flóttakonum og konum sem eru hælisleitendur og fyrirbyggi áreitni og hótanir í þeirra garð, m.a. með því að efla fyrirkomulag fyrir vöktun og tilkynningar og með því að gera samfélagsmiðla-fyrirtæki ábyrg fyrir efni frá notendum sem stuðlar að mismunun og rannsaki, sækji til saka og leggi viðeigandi refsingu á þá sem bera ábyrgðina. Hún mælir með því að aðildarríkið haldi áfram vitundarvakningu til þess að taka á kynjuðum staðalímyndum sem leiða til mismununar í þeim tilgangi að ýta undir jákvæða umfjöllun um konur sem virka drifkrafta þróunar.

Skaðleg háttsemi

23. Nefndin veitir athygli samþykkt laga um ófrjósemisaðgerðir (nr. 35/2019) sem banna ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum eldri en 18 ára án samþykkis þeirra. Hún lýsir hins vegar áhyggjum af þeirri skýringu sendinefndarinnar að þvinguð ófrjósemisaðgerð sé ekki bönnuð berum orðum í almennum hegningarlögum en falli undir hið almenna ákvæði um líkamstjón í almennum hegningarlögum (218. gr.). Hún lýsir einnig áhyggjum af frásögnum um þvingaðar ófrjósemisaðgerðir á konum með vitsmunalegar og sálfélagslegar fatlanir.

24. Nefndin mælir með því að aðildarríkið breyti almennum hegningarlögum og geri þvingaðar ófrjósemisaðgerðir refsiverðar sérstaklega. Hún mælir einnig með því að aðildarríkið tryggji að engin læknisfræðileg inngrip eigi sér stað gagnvart konum með vitsmunalegar eða sálfélagslegar fatlanir án frjáls, fyrirframgefins og upplýsts samþykkis þeirra, og að þær hafi fullnægjandi aðgang að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu og upplýsingum á aðgengilegu formi, m.a. varðandi fjölskylduáætlanagerð og vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

Kynbundið ofbeldi gegn konum

25. Nefndin fagnar breytingum á almennum hegningarlögum sem gera stafrænt kynferðisofbeldi og umsáturseinelti refsivert, í þeim tilgangi að auka vernd fyrir þolendur andlegs ofbeldis, og með því að gera samþykki að hugtaksatriði í lagalegri skilgreiningu á nauðgun. Hún veitir einnig athygli samþykkt aðgerðaáætlunar í kynferðisbrotamálum 2018–2022 og nýrrar aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota 2023–2025, auk þingsályktunar um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess 2019–2022. Nefndin veitir einnig athygli stofnun þriggja þjónustu-

miðstöðva fyrir þolendur ofbeldis frá 2017, sem og endurskoðun árið 2019 á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili (nr. 85/2011) og gerð og birtingu fyrir mæla frá ríkissaksóknara um meðferð mála sem varða kynferðisofbeldi þegar þolandi er einstaklingur með fötlun. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Skortur er á heildstæðri löggjöf sem gerir refsivert sérstaklega hvers konar kynbundið ofbeldi, þar með talið heimilisofbeldi, og vernd gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og stúlkum sem mæta fjölþættri mismunun, m.a. konum og stúlkum með fötlun, aðfluttum konum og samkynhneigðum, tvíkynhneigðum, trans og intersex konum, er ófullnægjandi,

b) rannsókn Háskóla Íslands árið 2021 bendir til þess að 40 prósent af 32.811 konum sem tóku þátt hafi verið þolendur líkamlegs og/eða kynferðislegs ofbeldis og tæplega 25 prósent hafi verið þolendur nauðgunar eða tilraunar til nauðgunar,

c) aukning hefur orðið á kynbundnu ofbeldi gegn konum, þar með talið heimilisofbeldi, einkum meðan á heimsfaraldri af völdum kórónaveiru stóð (COVID-19), sem og aukning á kvennamorðum í aðildarríkinu,

d) upplýsingar hafa borist um að kynbundið ofbeldi gegn konum sé vantilkynnt, sem sýnir að þó að 1.256 nýjar komur hafi verið skráðar hjá þjónustumiðstöðvunum fyrir þolendur ofbeldis og Stígamótum, hafi einungis u.þ.b. 100 nauðgunarmál verið tilkynnt til lögreglu í höfuðborginni og ákært í 325 kynferðisofbeldismálum árið 2020,

e) mikill fjöldi sakamála sem varða kynbundið ofbeldi gegn konum, einkum nauðgun og kynferðisofbeldi, er felldur niður hjá ríkissaksóknara og hlutfall sakfellinga lágt, þrátt fyrir samþykkt og innleiðingu aðgerðaáætlunar í kynferðisbrotamálum 2018–2022,

f) skortur er á sundurliðuðum gögnum um hvers kyns kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum, þar með talið heimilisofbeldi, þvingaðar ófrjósemisaðgerðir og netofbeldi,

g) skýrsla ríkislögreglustjóra frá árinu 2020 er til marks um óhóflega mikla hættu á heimilisofbeldi gegn konum með fötlun og óhóflega lágt hlutfall sakfellinga í slíkum málum,

h) óhóflega mikil hættu er á heimilis- og kynferðisofbeldi gegn aðfluttum konum og þekkingarskortur meðal þeirra á tiltækum úrræðum og stuðningsþjónustu fyrir þolendur;

i) takmarkaður aðgangur er fyrir konur með fötlun, aðfluttar konur og konur í dreifbýli sem eru þolendur kynbundins ofbeldis að heilbrigðisþjónustu og sálfélagsgreipi þjónustu og athvörfum í aðildarríkinu.

26. Nefndin mælir með því, með vísan til almennra tilmæla sinna nr. 35 (2017) varðandi kynbundið ofbeldi gegn konum, sem uppfærir almenn tilmæli nr. 19, að aðildarríkið:

a) Efla ráðstafanir til þess að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi gegn konum með því að námsefni á öllum skólastigum endurspegli að ofbeldi sé ekki liðið og kennarar menntaðir til samræmis við það, annist umfangsmiklar vitundarvakningarherferðir í samstarfi við fjölmiðla um saknæmt eðli og félagslegan og hagrænan skaða af völdum kynbundins ofbeldis og veiti þolendum fullnægjandi stuðning svo þolendum heimilisofbeldis sé kleift að yfirgefa maka eða fjölskyldumeðlimi sem beita ofbeldi,

b) setji heildstæða löggjöf um allar tegundir kynbundins ofbeldis gegn konum, einkum heimilisofbeldi; komi upp greiningarkerfum og taki mið af sérstökum verndarþörfum hópa kvenna sem standa höllum fæti eða eru

jaðarsettar, m.a. kvenna með fötlun, aðfluttra kvenna og samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, trans og intersex kvenna,

c) samþykki nýja þingsályktun um aðgerðir gegn ofbeldi, m.a. kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi, gegn konum og stúlkum, með sérstakri áherslu á konur og stúlkur með fötlun, aðfluttar konur og samkynhneigðar, tvíkynhneigðar, trans og intersex konur, og tryggi skilvirka framkvæmd áætlunar um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi 2023–2025,

d) taki á rötum þess að kynbundið ofbeldi gegn konum sé vantilkynnt og háu hlutfalli sýknudóma í þeim málum; annist skyldubundna færniuppbyggingu meðal dómara, ákæranda og lögreglunnar um kynnæmar rannsóknir og yfirheyrsluaðferðir og um skýra og nákvæma beitingu viðeigandi ákvæða refsilöggjafar, og tryggi fylgni allra lögregluembætta við fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar þolandi er með fötlun,

e) tryggi að konur og stúlkur sem eru þolendur kynbundins ofbeldis, einkum konur með fötlun, konur í dreifbýli og aðfluttar konur, hafi fullnægjandi aðgang að stuðningi við þolendur og athvörfum,

f) auki vitund meðal kvenna og stúlkna, einkum kvenna með fötlun, aðfluttra kvenna og kvenna í dreifbýli, um úrræði sem þeim eru tiltæk í málum sem varða kynbundið ofbeldi gegn konum,

g) vinni mat á áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á konur í aðildarríkinu, einkum að því er varðar heimilisofbeldi, með það að markmiði að fyrirbyggja, ráða fram úr og yfirstíga kreppur og núverandi áskoranir á kynnæman hátt,

h) tryggi söfnun og greiningu á gögnum um allar tegundir kynbundins ofbeldis gegn konum og stúlkum, m.a. gögnum um heimilisofbeldi, þvingaðar ófrjósemisaðgerðir, stafrænt ofbeldi og kvennamorð, sundurgreindum eftir aldri, fötlun og tengslum milli þolanda og geranda,

i) innleiði tilmælin í matsskýrslu sérfræðingahóps um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.¹

Mansal og hagnýting vændis

27. Nefndin fagnar samþykkt laga nr. 79/2021 um breytingu á 227. grein almennra hegningarlaga sem gerir fleiri birtingarmyndir mansals refsiverðar, m.a. nauðungarhjúonaband, þrældóm eða ánauð og nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, t.d. betl, og bætir andlegu og fjárhagslegu ofbeldi við sem verknaðaraðferðum við mansal. Nefndin veitir einnig athygli stofnun ráðgjafarhóps lögreglu um mansal til að veita leiðsögn um rannsókn mansalsmála og uppfærðum leiðbeiningum fyrir lögreglu um leiðir til að bera fljótt kennsl á þolendur mansals. Nefndin veitir enn fremur athygli upplýsingum sem sendinefndin hefur veitt um að ný innlend aðgerðaáætlun í barnaverndarmálum fyrir tímabilið 2023–2027 verði lögð fram á Alþingi árið 2023, og muni m.a. leggja áherslu á fylgdarlaus börn. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Einungis hafa verið borin kennsl á 23 þolendur mansals frá 2020 og í einu tilviki var sakborningur sýknaður,

¹ Sérfræðingahópur um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum, *GREVIO Baseline Evaluation Report Iceland* (Strassborg, 2022).

b) skjótri greiningu og vísun þolenda mansals áfram í viðeigandi verndarúræði og stuðning hefur verið úthlutað til þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis í Reykjavík samkvæmt tímabundinni áætlun,

c) ekkert formlegt ferli er fyrir skjóta greiningu hvað varðar börn sem eru þolendur mansals og vísun áfram í viðeigandi þjónustu,

d) skortur er á upplýsingum um veitingu og innleiðingu umþóttunartíma fyrir konur og stúlkur sem eru þolendur mansals til að ákveða hvort þær geti og vilji eiga samstarf við ákærvaldið.

28. Nefndin mælir með því með vísan til almennra tilmæla sinna nr. 38 (2020) um mansal á konum og stúlkum í tengslum við hnattræna fólksflutninga að aðildarríkið:

a) Rannsaki, sæki til saka og leggi viðeigandi refsingu án tafar á þá sem bera ábyrgð á mansali; tryggi framkvæmd leiðbeininga fyrir lögreglu um leiðir til að bera fljótt kennsl á þolendur mansals og annist færniuppbyggingu og úthluti mannauði, tæknigetu og fjármagni til ráðgjafarhóps lögreglu til að veita leiðbeiningar um kynnæmar rannsóknar- og yfirheyrsluaðferðir í málum sem varða mansal á konum og stúlkum,

b) annist ítarlegt og kerfisbundið mat á ferlinu við að bera fljótt kennsl á þolendur mansals, einkum konur og stúlkur, og vísun þeirra áfram í viðeigandi vernd, með það að markmiði að þróa formlegt og stofnanabundið ferli,

c) samþykki innlenda aðgerðaáætlun í barnaverndarmálum 2023–2027,

d) tryggi að þolendum mansals sé í reynd boðinn sá umþóttunartími sem þau eiga rétt á,

e) veiti áfram sundurliðaðar upplýsingar um fjölda tilkynntra mála um mansal, rannsóknir, saksókn, sakfellingar og refsingu sem lögð er á gerendur, og um skaðabætur og endurhæfingarþjónustu sem veitt er konum og stúlkum sem eru þolendur mansals.

Jöfn þátttaka í stjórnámum og opinberu lífi

29. Nefndin fagnar því að aðildarríkið hafi nánast náð jöfnu kynjahlutfalli á Alþingi, þar sem hlutfall kvenna er 48 prósent, og að konur séu 51 prósent fulltrúa sveitarstjórna, í hlutverki forsætisráðherra; séu 5 af 12 ráðherrum, þrjú af sjö hæstaréttardómurum og 6 af 15 dómurum við Landsrétt. Hún lýsir samt áhyggjum af því að konur séu í minnihluta í íslensku lögreglunni, í stjórnnum opinberra fyrirtækja og í utanríkisþjónustunni á sendiherrastigi. Nefndin lýsir einnig áhyggjum af því að ekki hafi verið tekinn upp kynjakvóti fyrir framboðslista stjórnmalaflokka.

30. Nefndin mælir með því, með vísan til tilmæla sinna nr. 23 (1997) um konur í stjórnmalalífi og opinberu lífi og almennra tilmæla sinna nr. 25, að aðildarríkið:

a) Samþykki tímabundnar sértækar aðgerðir, svo sem lögboðna kvóta og að konur njóti forgangs við ráðningar, til að auka hlut kvenna í lögreglunni, í utanríkisþjónustunni á sendiherrastigi og í stjórnnum opinberra fyrirtækja,

b) íhugi að samþykkja tímabundnar sértækar aðgerðir, svo sem kynjakvóta, auk hvata til að þeim sé fylgt og sekta ef svo er ekki, til að tryggja að stjórnmalaflokkar raði jafnmörgum konum og körlum á framboðslista sína, sérstaklega á vettvangi sveitarfélaga, til að flýta fyrir jafnri hlutdeild kvenna í stjórnámum og opinberu lífi og efla jafnrétti kynjanna og þátttöku í stjórnun, með það að markmiði að ná jafnrétti kynjanna fyrir árið 2030.

Menntun

31. Nefndin fagnar því að veitt sé jafnréttis- og kynjafræðsla, þ. á m. fræðsla um kynjaðar staðalímyndir á öllum skólastigum, í samræmi við 15. gr. laga nr. 150/2020. Hún veitir einnig athygli þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til í því skyni að auka fjölbreytni í náms- og starfsvali og hvetja konur og stúlkur til að velja óhefðbundnar náms- og starfsbrautir. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Niðurstöðum og tillögum skýrslu starfshóps um markvissa kennslu um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum frá júní 2021 hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd,

b) skortur er á upplýsingum um ráðstafanir sem hafa verið gerðar varðandi endurskoðun á sögubókum svo tryggt sé að söguleg hlutverk og framlög kvenna séu endurspegluð á fullnægjandi hátt,

c) upplýsingar eru um einelti gegn stúlkum í skólaumhverfi og skortur er á upplýsingum um ráðstafanir til að tryggja vernd kvenna og stúlkna gegn einelti í skólum og háskólum,

d) skortur er á upplýsingum um ráðstafanir sem hafa verið gerðar til þess að efla konur í háskólastarfi og tafir á frágangi og samþykkt draga að aðgerðaáætlun til að stemma stigu við brotthvarfi kvenna úr háskólastarfi,

e) skortur er á upplýsingum um aðgengi að námi án aðgreiningar fyrir konur og stúlkur með fötlun og að þær haldist í námi á öllum skólastigum.

32. Nefndin mælir með því, í ljósi almennra tilmæla sinna nr. 36 (2017) um rétt stúlkna og kvenna til menntunar, að aðildarríkið:

a) Efli viðleitni sína til þess að kynbundin, aldurshæf og aðgengileg fræðsla um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi sé felld inn í námskrár á öllum skólastigum og samþykki aðgerðaáætlun sem byggir á tillögum skýrslu starfshóps frá júní 2021 um markvissa kennslu um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum,

b) tryggi að söguleg hlutverk og framlög kvenna endurspeglist á fullnægjandi hátt í skólanámskrám, kennslubókum og kennsluefni, í tengslum við áframhaldandi endurskoðun aðalnámskrár,

c) þrói stefnu gegn einelti sem miðar að því að veita konum og stúlkum öruggt og inngildandi menntaumhverfi sem er laust við mismunun, áreitni og einelti og setji upp kerfi fyrir kvartanir undir nafnleynd í skólum,

d) stuðli að jöfnu hlutfalli kvenna í akademískum störfum, m.a. með því að samþykkja tímabundnar sértækar aðgerðir eins og lögbundinn kvóta og að konur njóti forgangs við ráðningar og framgang í starfi í háskólasamfélaginu, og með því að fullgera og samþykkja aðgerðaáætlun til að stemma stigu við brotthvarfi kvenna úr háskólastarfi,

e) tryggi fullnægjandi aðgang fatlaðra kvenna og stúlkna að menntun án aðgreiningar á öllum stigum og að í næstu reglubundnu skýrslu verði sett fram sundurliðuð gögn um innritun í nám, útskriftar- og brottfallshlutfall og aðgengi að háskólamenntun.

Atvinnumál

33. Nefndin hrósar aðildarríkinu fyrir að hafa innleitt jafnlaunavottunarkerfi í samræmi við 7. og 8. gr. laga nr. 150/2020, en samkvæmt þeim þurfa öll fyrirtæki og opinberir aðilar með fleiri en 25 starfsmenn að fá jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu frá Jafnréttisstofu og endurnýja hana á þriggja ára fresti. Hún fagnar

einnig samþykkt laga um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 144/2020) sem lengir fæðingarorlof í 12 mánuði. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

- a) Skýrt hefur verið frá kynbundnum launamun, þar sem konur í fullu starfi eru aðeins með 87 prósent af launum karla,
- b) konur eru í minnihluta í stjórnunarstöðum í einkafyrirtækjum og sókn þeirra í hlutastörf hefur slæm áhrif á starfsþróun þeirra og lífeyrisréttindi,
- c) aðfluttar konur upplifa erfðleika í tengslum við atvinnu, ásamt því að vera berskjaldaðar fyrir misnotkun og misneytingu, s.s. löngum vinnutíma og vangreiðslum, og hlutfall þeirra á vinnumarkaði er lágt,
- d) munur er á milli sveitarfélaga að því er varðar framboð á opinberri þjónustu vegna dagvistunar barna, sem aðeins er aðgengileg börnum frá tveggja ára aldri í sumum sveitarfélögum,
- e) ófullnægjandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að auðvelda einstæðum mæðrum aðgengi að vinnumarkaði og fjöldi einstæðra mæðra sem nýtur góðs af verkefnum sem ætlað er að styðja slíkar mæður við að ná jafnvægi milli vinnu og einkalífs er takmarkaður, eins og t.d. verkefnið TINNA sem einungis nær til 40 einstæðra mæðra búsettra í Reykjavík á hverju ári.

34. Nefndin mælir með því að aðildarríkið haldi áfram viðleitni sinni til að útrýma kynbundnum launamun og kynskiptum vinnumarkaði. Hún mælir einkum með því að aðildarríkið:

- a) **Greiði fyrir vinnu starfshóps sem ætlað er að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði, framfylgi skýrlega og af nákvæmni reglunni um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf, endurskoði reglulega laun í greinum þar sem algengt er að konur séu í meirihluta og geri ráðstafanir til að útrýma kynbundnum launamun með kynhlutlausri greiningu starfa og matsaðferðum og reglulegum launakönnunum,**
- b) **tryggi virka innleiðingu jafnlaunavottunarkerfisins og veiti upplýsingar í næstu reglubundnu skýrslu sinni um sektir sem Jafnréttisstofa hefur lagt á fyrirtæki og vinnuveitendur vegna brota á 7. og 8. gr. laga nr. 150/2020,**
- c) **geri ráðstafanir til að tryggja vernd aðfluttra vinnandi kvenna og auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði,**
- d) **tryggi fullnægjandi og aðgengilega dagvistun í öllum sveitarfélögum, að teknu tilliti til 12 mánaða fæðingarorlofs, til að forðast gloppur í þjónustu í tengslum við dagvistun,**
- e) **grípi til markvissra aðgerða til að auðvelda öllum einstæðum mæðrum aðgang að vinnumarkaði og að áætlunum sem stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs.**

Kynferðisleg áreitni á vinnustað

35. Nefndin bendir á að kynferðisleg áreitni á vinnustað er bönnuð skv. 16. gr. laga nr. 150/2020 og að samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980) sé atvinnurekendum skylt að grípa til aðgerða gegn einelti, áreitni og kynbundnu ofbeldi á vinnustað. Jafnframt veitir nefndin athygli stofnun fagráðs sem heyrir undir ríkislögreglustjóra sem ætlað er að taka við kvörtunum vegna kynferðislegrar áreitni í lögreglunni, gera framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum hjá löggæslustofnunum, endurskoða lögreglumenntun og annast fræðsluáttak um kynferðislega áreitni fyrir lögreglumenn. Samt sem áður lýsir nefndin áhyggjum vegna upplýsinga um:

a) Tíðni kynferðislegrar áreitni gegn konum, m.a. aðfluttum konum, á vinnustöðum og í íþróttum, og skort á tölfræðigögnum um fjölda mála sem eru til rannsóknar og saksóknar, refsingar þeirra sem bera ábyrgð, og skaðabætur sem þolendum eru ákvarðaðar,

b) þrálæti kynferðislegrar áreitni gegn konum sem starfa í íslensku lögreglunni, þar sem einungis sex kærur hafa komið til umfjöllunar hjá fagráði frá 2017 til 2019.

36. Nefndin mælir með því að aðildarríkið efli viðleitni sína til að fyrirbyggja kynferðislega áreitni á vinnustað, meðal annars með því að:

a) **Tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða refsilaga og laga nr. 150/2020 til þess að fyrirbyggja kynferðislega áreitni gagnvart konum, m.a. aðfluttum konum, á vinnustað og í íþróttum, einkum innan lögreglunnar, og að tryggt sé að þolendur hafi aðgang að skilvirkum úrræðum og bótum; að kvartanir um kynferðislega áreitni sæti skilvirkri rannsókn og að þeir sem bera ábyrgð séu látnir sæta ábyrgð og að kærendur njóti verndar gegn hefndaraðgerðum,**

b) **fullgilda samning Alþjóðavinnuálastofnunarinnar gegn ofbeldi og áreitni, 2019 (nr. 190).**

Heilbrigði

37. Nefndin veitir athygli viðleitni aðildarríkisins til að hrinda í framkvæmd tillögum í framhaldi af kortlagningu á heilsufari landsmanna og heilbrigðisþjónustu út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum á vegum heilbrigðisráðuneytisins í janúar 2021. Hún fagnar samþykkt laga um þungunarrof (nr. 43/2019) og laga um ófrjósemisaðgerðir (nr. 35/2019). Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir eru tíðar meðal kvenna og stúlkna samkvæmt könnun á velferð og lífshæðisfræðingum námsmanna, og meðal ungra aðfluttra kvenna, ungra kvenna meðal hælisleitenda og ungra samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, trans og intersex kvenna,

b) algengt er í alþjóðlegum samanburði að konur í aðildarríkinu glími við geðræna kvilla, m.a. þunglyndi, samkvæmt könnun á vegum embættis landlæknis,

c) greint hefur verið frá skorti á viðeigandi aðlögun og takmörkuðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu, þar á meðal kynlífs- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, fyrir konur og stúlkur með fötlun.

38. Nefndin mælir með því að aðildarríkið gangist fyrir víðtækri rannsókn á háu hlutfalli geðræna kvilla og undirrót sjálfsvíga meðal kvenna og stúlkna og grípi til viðeigandi ráðstafana, m.a. áætlana sem miða að því að greina vandann snemma; meðhöndli geðræna kvilla sem leiða til sjálfsvíga meðal stúlkna og kvenna í aðildarríkinu, einkum aðfluttra kvenna, kvenna meðal hælisleitenda og samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, trans og intersex kvenna. Nefndin mælir einnig með því að aðildarríkið geri ráðstafanir til að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu og -aðstöðu fyrir konur og stúlkur með fötlun og þjálfari heilbrigðisstarfsfólk varðandi sérstakar heilbrigðisþarfir þeirra. Nefndin mælir með því að aðildarríkið fjalli í áætlunum sínum og áformum um áþreifanlegar og sértækar aðgerðir til að takast á við háa tíðni heilahrörnnunar og heilabilunar meðal kvenna. Nefndin mælir með viðbótarráðstöfunum til að tryggja öruggt umhverfi fyrir samkynhneigðar, tvíkynhneigðar, trans og intersex konur á sjúkrahúsum og í annarri læknisfræðilegri aðstöðu með því að veita fullnægjandi heilbrigðisþjónustu, þjálfun og leiðsögn fyrir heilbrigðisstarfsfólk og starfsfólk á heilbrigðisstofnunum.

Loftslagsbreytingar og forvarnir gegn hamförum

39. Nefndin veitir því athygli að stefna aðildarríkisins um loftslagsbreytingar leggur áherslu á kolefnishlutleysi og endurnýjanlega orku, jafnframt því sem hugað er að áhrifum loftslagsbreytinga á hópa sem standa höllum fæti. Hins vegar lýsir hún áhyggjum af því að kynjasjónarmið skortir við mótun og framkvæmd á stefnum og áætlunum um loftslagsbreytingar og forvarnir gegn hamförum. Hún lýsir einnig áhyggjum af því að áætlunin um aðlögun að loftslagsbreytingum hefur leitt til samgöngu- og orkufátæktar meðal fátækra kvenna í viðkvæmri stöðu vegna hás kostnaðar eða skorts á húshitun.

40. Í samræmi við almenn tilmæli hennar nr. 37 (2018) um kynbundnar víddir forvarna gegn hamförum í tengslum við loftslagsbreytingar mælir nefndin með því að aðildarríkið endurskoði löggjöf sína, stefnur og áætlanir sem varða loftslagsbreytingar, viðbrögð og forvarnir gegn hamförum, til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið og tryggja að konur taki þátt í þróun þeirra, samþykkt, innleiðingu og eftirliti. Hún mælir einnig með því að aðildarríkið meti áhrif loftslagsbreytinga sérstaklega á aðgengi kvenna að úrræðum og lífsviðurværi og geri ráðstafanir til að tryggja að konur verði ekki fyrir áhrifum umfram aðra. Hún mælir einnig með því að aðildarríkið bæti úr orku- og samgöngufátækt meðal kvenna með því að milda áhrif þessara kerfa á framfærslukostnað fátækra kvenna í viðkvæmri stöðu og endurskoði regluasetningu sína um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja til að einkafyrirtæki veiti þeim íbúum sem eru í viðkvæmri stöðu og búa við fátækt aukna vernd, einkum aðfluttum konum, fötluðum konum og fátækum konum án atvinnu.

Efnahagsleg valdefling og félagslegar bætur

41. Nefndin lofar aðildarríkið fyrir að mælast fyrir ofan 40 prósentu viðmiðunarmörk Evrópusambandsins fyrir konur sem eru stjórnarmenn en ekki framkvæmdastjórnar í fyrirtækjastjórnnum og fyrir að samþætta kynjasjónarmið og þjóðhagslega umgjörð, einkum varðandi stefnu í ríkisfjármálum og skattareglur. Nefndin lýsir hins vegar áhyggjum þar sem:

a) Enn eru færri konur sem gegna formennsku í íþróttafélögum, sérstaklega í staðbundnum félögum, og launamunur er á launum og samningsgreiðslum í landsliðum og hjá staðbundnum íþróttafélögum, auk þess sem kvennalandsliðið í fótbolta hefur 50 prósentum lægri tekjur en karlaliðið,

b) hlutfall kvikmynda sem konur leikstýra hefur lækkað niður í 6 prósent jafnframt því sem konur fá minna greitt fyrir tónlist sem þær semja og hljóta 19,4 prósent lægri greiðslur frá samtökunum STEF, sem fara með réttindi flytjenda.

42. Nefndin mælir með því að aðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:

a) Leiðrétta ójafna hlutdeild kvenna í forystu íþróttafélaga á öllum stigum og tryggja að kynbundnum launamun í launum og samningsgreiðslum sé útrýmt og að bæði karla- og kvennalandslið í íþróttum fá jöfn laun,

b) tryggja að STEF endurskoði aðgreiningu við innheimtu gjalda réttshafagreiðslna til þess að uppræta mismunun gagnvart kventónskáldum og tryggja launajafnrétti í tónlistariðnaðinum.

Hjúskapur og fjölskyldutengsl

43. Nefndin fagnar breytingum á hjúskaparlögum nr. 31/1993 þar sem undantekningar frá 18 ára lágmarksaldri til þess að mega stofna til hjúskapar voru afnumdar. Hins vegar lýsir hún áhyggjum af skorti á upplýsingum um ráðstafanir sem hafa verið

gerðar til að bregðast við efnahagslegu misræmi milli maka samkvæmt reglum um hjúskapareignir í aðildarríkinu við slit hjúskapar, koma í veg fyrir að sameiginlegum eignum sé leynt í hjúskap til tjóns fyrir kvenkyns maka, og til að viðurkenna réttindi kvenna í sambúð til eigna sem hafa orðið til á sambúðartímanum.

44. Nefndin ítrekar fyrri tilmæli sín ([CEDAW/C/ISL/CO/7-8](#), 50. mgr.), og minnir á almenn tilmæli sín nr. 29 (2013) um efnahagslegar afleiðingar hjónabands, fjölskyldutengsla og slita þeirra, og mælir með því að aðildarríkið breyti hjúskaparlögum svo:

a) Tekið sé á efnahagslegu misræmi milli kvenna og karla við slit hjúskapar, m.a. með því að viðurkenna allar vinnutengdar eignir sem hluta af sameiginlegum hjúskapareignum sem skipt sé milli hjóna við skilnað eða tekið sé tillit til þeirra við ákvörðun um reglubundnar greiðslur eftir skilnað,

b) komið sé í veg fyrir að hjúskapareignum sé haldið leyndum til tjóns fyrir kvenkyns maka,

c) konum sé tryggð fullnægjandi efnahagsleg vernd við slit sambúðar, m.a. með viðurkenningu á jöfnum rétti til eigna sem urðu til á sambúðartímanum.

Peking-yfirlýsingin og -aðgerðaáætlunin

45. Nefndin kallar eftir því að aðildarríkið noti Peking-yfirlýsinguna og -aðgerðaáætlunina til þess að leggja frekara mat á það hvort réttindin sem samningurinn hefur að geyma hafi orðið að veruleika svo efnislegu jafnrétti kvenna og karla sé náð.

Dreifing

46. Nefndin óskar þess að aðildarríkið tryggi tímanlega dreifingu þessara lokaathugasemda, á opinberu tungumáli aðildarríkisins, til viðkomandi ríkisstofnana á öllum stigum (á lands-, svæðis- og staðbundna vísu), einkum til stjórnvalda, Alþingis og dómstóla, til að gera fulla innleiðingu þeirra mögulega.

Fullgilding annarra samninga

47. Nefndin vekur athygli á því að með því að aðildarríkið fylgi níu helstu mannréttindasamningunum² aukist möguleika kvenna á að neyta mannréttinda sinna og grundvallarfrelsis á öllum sviðum tilverunnar. Því hvetur nefndin aðildarríkið til þess að fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum og alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra, valfrjálsa bókun við samninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, og valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið, sem það hefur ekki enn gerst aðili að.

² Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi; alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi; alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis; samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum; samningur gegn pyndingum og annari grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu; samningurinn um réttindi barnsins; alþjóðasamningur um verndun réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra; alþjóðasamningur um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum, og samningurinn um réttindi fatlaðs fólks.

Eftirfylgni við lokaathugasemdirnar

48. Nefndin óskar þess að aðildarríkið veiti innan tveggja ára skriflegar upplýsingar um ráðstafanir sem hafa verið gerðar til þess að innleiða tilmælin í mgr. 10, 12, 16 og 18 að framan.

Undirbúningur næstu skýrslu

49. Nefndin mun fastsetja og tilkynna skiladagsetningu tíundu reglubundnu skýrslu aðildarríkisins í samræmi við fyrirsjáanlegt framtíðarskýrslutímabil sem byggist á átta ára endurskoðunarlotu og í kjölfar samþykktar á lista yfir álitafni og spurningar fyrir skýrslugjöf sem beint verður til aðildarríkisins. Skýrslunni ber að fjalla um allt tímabilið, fram að þeim tíma er hún er lögð fram.

50. Nefndin mælir með því að aðildarríkið fylgi samræmdum leiðbeiningum um skýrslugjöf samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum, m.a. leiðbeiningum um sameiginlegt kjarnaskjal og samningsbundin skjöl ([HRI/GEN/2/Rev.6](#), I. kafla).
